



Fundargerð 276.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudagur 8. febrúar 2023 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu Hafnasamlags Norðurlands við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Ólafur R. Ólafsson, Þröstur Friðfinnsson og Sverre Jakobsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Bráðabirgða niðurstaða rekstrar

Hafnarstjóri kynnti bráðabirgða niðurstöðu rekstar fyrir árið 2022. Enn liggur ekki fyrir endurskoðaður ársreikningur en stefnt að því að hann verði lagður fyrir stjórn í apríl n.k. Ljóst að rekstarniðurstaða verður umfram áætlanir.

2. Staða verklegra framkvæmda.

- a. **Torfunefsbyggja.** Verktaki hefur þegar hafið störf og enn eru góðar vonir til þess að niðurrekstri verði lokið fyrir sumarið þannig að hægt verði að nota byggjuna fyrir minni skemmtiferðaskip í einhverju mæli. Hönnuðir eru að leggja lokahönd á breytingu að breyttu deiliskipulagi sem hægt verði að leggja fyrir skipulagsnefnd innan fárra vikna.
- b. **Dynes mat á umhverfisáhrifum.** Mannvit hefur hafið vinnu við gerð umhverfismats vegna hafnarframkvæmda en sú vinna mun taka allt að 16 mánuði. Jafnframt er búið að eiga vinnufund með sveitarstjóra, formanni umhverfis- og skipulagsnefndar og oddvita Hörgársveitar þar sem farið var yfir verkefnið.
- c. **Skipulag á hafnarsvæðinu.** Verkís hefur undanfarið verið að skoða með hvaða hætti umferðarskipulag væri með betri hætti á svæðinu upp af Tangabryggju. Lagðar fram teikningar af mögulegri lausn auk þess sem gert er ráð fyrir byggingareit við Tangabryggju fyrir nýtt þjónustuhús.
- d. **Flotbyggja í Grímsey.** Búið er að steypa nýja flotbyggju fyrir Grímsey í Svíþjóð og mun hún vera væntanleg til Akureyrar fljótlega. Í apríl er stefnt að því að setja niður byggjuna auk þess sem skipt verður um alla rafmangssölu kassa í Grímsey og settur upp fjaraflestrarbúnaður eins og er í öllum öðrum höfnum samlagsins.
- e. **Nýr landgangur.** Slippurinn ehf hefur lokið smíði á nýjum og öflugum 12 metra landgang fyrir HN sem aðallega er leigður út til stærri skipa.



3. Dysnes, erindi frá SSNE

Erindi frá SSNE varðandi Líforkuver með mögulega staðsetningu á iðnaðarlóð Hafnasamlags Norðurlands á Dysnesi tekið til umræðu. Stjórn HN hafði áður fengið kynningu á verkefninu. Stjórn HN fagnar þeirri undirbúnings vinnu sem þegar hefur verið unnin en telur þó að enn eigi eftir að skoða ýmislegt áður en uppbygging getur mögulega hafist. Varðandi hugsanlega staðsetningu líforkuvers á Dysnesi vill stjórn HN koma eftirfarandi á framfæri. HN fjárfesti í svæðinu á sínum tíma og hefur verið að undirbúa það undanfarin ár fyrir uppbyggingu á hafnsækinni starfsemi. Ljóst er að Líforkuverið fellur ekki undir það. Hægt væri þó að koma einhverjum hluta líforkuversins fyrir efst á skipulagðri iðnaðarlóð við Dysnes en HN leggur mikla áherslu á að framtíðar vöxtur líforkuversins verði að vera til vesturs eða norðurs en ekki í átt að sjó. Iðnaðarlóðin er gríðarlega mikilvæg sem framtíðar hafnasvæði fyrir hafnsækna starfsemi í Eyjafirði og því má líforkuverið ekki skerða möguleika á þeirri uppbyggingu. Jafnframt verður að tryggja að með engum hætti verði truflun frá verinu í neinu formi svo sem lykt og öðru þannig að önnur uppbygging á svæðinu líði fyrir það. Stjórn HN er til viðtals um útfærslu á staðarvali miðað við ofangreindar forsendur.

4. Erindi frá Dalvíkurbyggð um inngöngu hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar í Hafnasamlag Norðurlands bs.

Borist hefur erindi frá Dalvíkurbyggð um inngöngu hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar í Hafnasamlag Norðurlands bs. Erindið tekið fyrir og hafnarstjóra falið að óska eftir sameiginlegum fundi Byggðaráðs Dalvíkurbyggðar og stjórnar Hafnasamlags Norðurlands miðvikudaginn 15. febrúar n.k.

5. Skemmtiferðaskip

Hafnarstjóri fór yfir komur skemmtiferðaskipa til hafna HN n.k. sumar og horfur næstu ára.

6. Starfsmannamál

Í lok janúar rann út auglýsing um sumarafleysingastörf hjá höfninni en ljóst að til að geta sinnt þeirri aukningu sem stefnir í þarf töluverða aukningu starfsmanna. Auglýst var eftir hafnsögumönnum, skipstjórum, vélfræðingum, hafnavörðum og hafnaverkamönnum. Ráðningaferli er í gangi en reikna má með hátt í 10 nýjum sumarstarfsmönnum.

7. Önnur mál.

Næsti stjórnarfundur fer fram á Grenivík miðvikudaginn 8. mars n.k.

Fundagerðin yfirfarin og staðfest.



Inga Dís Sigurðardóttir formaður

Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður

Axel Grettisson ritari

Ásrún Ýr Gestsdóttir

Jón Þorvaldur Heiðarsson

Ólafur Rúnar Ólafsson

Þröstur Friðfinnsson

Sverre Jakobsson

Pétur Ólafsson hafnarstjóri
